

# Lögmannaþlaðið

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS

3. TBL. 29. ÁRG. 2023





- |    |   |    |  |    |   |
|----|---|----|--|----|---|
| 4  | SIGURÐUR ÖRN HILMARSSON<br>Formannspistill                                | 16 | EVA HRÖNN JÓNSDÓTTIR<br>Rafræn móttaka beiðna um<br>áfrýjunarleyfi                               | 24 | ANNA LINDA BJARNADÓTTIR<br>Löglærður tjonþoli                               |
| 6  | ARI KARLSSON<br>Frá ritstjórn   | 17 | EVA HRÖNN JÓNSDÓTTIR<br>Könnun: Helmingur hefur velt<br>fyrir sér að skipta um<br>starfsvettvang | 26 | VIÐTAL VIÐ OTHAR ÖRN PETERSEN<br>Maður vinnur bara fyrir<br>viðskiptavinina |
| 7  | EYRÚN INGADÓTTIR<br>Svipmyndir af Lagadegi 2023                           | 20 | INGIMAR INGASON<br>„Búðingur í boði hússins“   |    |   |
| 11 | UNNUR LILJA HERMANNSDÓTTIR<br>Lagalegar áskoranir orkuskipta á<br>Íslandi | 21 | Gleði hjá FKL  |    |   |
| 15 | EVA HRÖNN JÓNSDÓTTIR<br>Aðgangur verjenda að R-málum<br>til Landsréttar   | 22 | ÞYRÍ STEINGRÍMSDÓTTIR<br>Meistaramót LMFÍ í golfi 2023:<br>Metfjöldi meistara                    |    |   |

#### Lögmannafélag Íslands

Álftamýri 9, 108 Reykjavík  
Netfang: [lmfi@lmfi.is](mailto:lmfi@lmfi.is)  
Heimasíða: [www.lmfi.is](http://www.lmfi.is)

#### Ritstjóri og ábyrgðarmaður

Ari Karlsson lögmaður  
Netfang: [ari@lmfi.is](mailto:ari@lmfi.is)

#### Aðstoðarritstjóri

Eyrún Ingadóttir  
Netfang: [eyrun@lmfi.is](mailto:eyrun@lmfi.is)

#### Ritnefnd

Arnar Villhjálmur Arnarsson lögmaður  
Hildur Þórarinsdóttir lögmaður  
Ingi B. Poulsen lögmaður  
Unnur Lilja Hermannsdóttir lögmaður

#### Stjórn LMFÍ

Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður, formaður,  
[sigurdur@rettur.is](mailto:sigurdur@rettur.is)  
Áslaug Björgvinsdóttir lögmaður, varaformaður,  
[aslaug@logos.is](mailto:aslaug@logos.is)  
Eva Halldórsdóttir lögmaður, ritari,  
[eva@lg.is](mailto:eva@lg.is)  
Tómas Eiríksson lögmaður, gjaldkeri,  
[teiriksson@ossur.com](mailto:teiriksson@ossur.com),  
Magnús Hrafn Magnússon lögmaður, meðstjórnandi,  
[mhm@sigthor.com](mailto:mhm@sigthor.com)

#### Varastjórn LMFÍ

Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður,  
[hildur@landslag.is](mailto:hildur@landslag.is)  
Gísli G. Hall lögmaður,  
[ggh@lav.is](mailto:ggh@lav.is)  
Sigrún Helga Jóhannsdóttir lögmaður  
[sigrun@logvis.is](mailto:sigrun@logvis.is)

#### Starfsmenn LMFÍ

Ingimar Ingason framkvæmdastjóri  
Eyrún Ingadóttir skrifstofustjóri  
Eva Hrönn Jónsdóttir lögfræðingur  
Dóra Berglind Torfadóttir bókari og ritari

#### Forsíðumynd


Á Lagadagskvöldi bauðst gestum að fara í myndabox og afraksturinn er stórkostlegur eins og sjá má.

#### PRENTVINNSLA

Litlaprent ehf.

#### UMSJÓN AUGLÝSINGA

Óflun ehf., sími: 530 0800  
ISSN 1670-2689



# Audi Q8 e-tron



## Meiri drægni, hraðari hleðsla, enn skemmtilegri aksturseiginleikar

Hraðhleðslugeta allt að 170kW. Hleður sig frá 10% upp í 80% á aðeins 28 mínútum.

Nánari upplýsingar á [www.audi.is](http://www.audi.is) / Kynntu þér bílinn nánar á [youtube.com/heklabilaumbod](https://youtube.com/heklabilaumbod)

**8** ÁRA ÁBYRGÐ  
Á RAFHLÖÐUM

5  
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLA

**H** Hekla

Laugavegi 174, 105 Rvk. [www.hekla.is](https://www.hekla.is)

Höldur Akureyri [Bílasala Selfoss](#) [Bílaþjónustuneyri](#) [Bílaþjónustuneyri](#) [Bílaþjónustuneyri](#) [BVA Egilstöðum](#)

# „DÓMARI, VIÐ HEYRUM EKKERT Í HONUM Í ÓDÝRU SÆTUNUM HÉRNA AFTAST“

SIGURÐUR ÖRN HILMARSSON LÖGMAÐUR  
FORMAÐUR



Í lok september var stórt sakamál flutt í veislusal í Grafarholtinu. Ég, eins og kannski aðrir lesendur fjölmiðla, er litlu nær um hvað málið snerist eða hvers vegna sakborningarnir voru svona margir. Ég man hins vegar að verjendurnir voru kaffilausir um tíma, hljómburður í salnum var sérstaklega slakur í öftustu sætunum og einhverjar kýtingar voru á milli aðila. Partíið um helgina gekk svo bara fint að sögn vertisins. Ég hefði allt eins getað fylgst með þessu á TikTok. Hverju sætir þetta?

Fréttáflutningur af sakamálum hefur aukist á undanförunum árum svo sem eðlilegt og sjálfsagt þykir í lýðræðisríki. Hefur þessi fréttáflutningur kallað á viðbrögð af hálfu löggjafarvaldsins en með lögum nr. 76/2019 var lögfest sú regla að óheimilt væri að streyma hljóði eða mynd úr þinghaldi eða senda þaðan samtímaendursögn af skýrslutökum.

Í dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu hefur því verið slegið föstu að meginreglunni um opinbera málsmeðferð sé ætlað að treysta réttaröryggi þeirra sem aðild eiga að dómsmálum og styrkja tiltrú almennings á réttarkerfinu. Þetta er grundvallarregla sem er ætlað að tryggja gagnsæjan og réttlátan framgang réttvísinnar. Hún er hins vegar ekki fortakslaus heldur er samkvæmt stjórnarskrá heimilt að takmarka aðgengi að dómsmálum til að gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila.

Því getur verið eðlilegt að takmarka myndatökur í dómhúsum eða banna samtímaendursögn af skýrslutökum fyrir dómi, enda ótækt að vitni í sakamálum sem er óheimilt að hlýða á

framburð annarra, geti samt sem áður fylgst með því sem fram fer í réttarsalnum í gegnum vefmiðlana.


En þegar fjölmiðlar geta ekki endurómað í rauntíma framburð vitna og sakborninga reynir enn frekar á vönduð vinnubrögð þeirra. Það getur verið snúið til dæmis þegar sakarefnið er flókið eða aðalmeðferðin teygist yfir nokkra daga þannig að fréttavakt hversdagsins á erfiðara með halda þræði og sinna hlutverki sínu.

Og þá er rétt að spyrja: Hvað getum við gert? Lögmenn og aðrir sérfræðingar gegna mikilvægu hlutverki þegar kemur að miðlun upplýsinga til fjölmiðla. Það á að vera hægt að ræða þau málefni sem eiga erindi til almennings með málefnalegum hætti - af sanngirni og virðingu. Vel hefði til dæmis farið á því að sérfræðingar í refsirétti, hvort heldur sem væru fræðimenn, lögmenn eða aðrir hefðu í ríkari mæli tekið þátt í umræðum um kynferðislega áreitni og kynbundið osbeldi, þó málefnið séu viðkvæm. Þá er líka eðlilegt að gera kröfu um faglega fréttamennsku en eflaust gæti Lögmannafélagið, sem og önnur slík samtök, lagt þar meira af mörkum, t.d. með aukinni þátttöku í samfélagslegri umræðu en einnig með meiri fræðslu eða námskeiðum fyrir fréttamenn.

Í öllu falli er ljóst að fréttirnar verða fluttar. Ef lögmenn eða aðrir sérfræðingar veigra sér við að tjá sig, er sviðið eftirlátið öðrum.

# LEITAÐU OG LESTU Með Fons Juris Pro

Fáðu aðgang á fonsjuris.is




## Stafrænt bókasafn

Fjöldi bóka eru aðgengilegar með Fons Juris Pro. Þær eru að fullu leitanlegar og læsilegar í Fons Juris og tengjast öðru efni í gagnasafninu.

## Snjallskjalaleit

Leitaðu að heimildum í Fons Juris sjálfvirk. Einfaldlega settu inn eigin skjöl og við finnum sjálfkrafa fyrir þig þær heimildir sem skipta máli.



Bækurnar okkar eru líka til á pappír!

Skoðaðu úrvalið á: [vefverslun.fonsjuris.is](http://vefverslun.fonsjuris.is)

# ÞEGAR VERK FALL ER EKKI VERK FALL

ARI KARLSSON  
RITSTJÓRI



Einhvern tímann skömmu eftir miðja síðustu öld var nýútskrifaður lögfræðingur spurður af gömlum vini sínum hvort hann kannaðist við tiltekinn mann. Unglögfræðingurinn svaraði: „Á ég að þekkja hann, er þetta vanskilamaður?“ Það fylgdi reyndar þessari sögu að viðkomandi hefði verið úthlutað ríkulega skyldurækni sem eðliskostum en hann hafi staðið aftarlega í röðinni þegar húmor var skammtað og að laganám hefði alls ekki bætt úr því síðarnefnda.

Mér varð hugsað til þessarar sögu í tengslum við verkfall kvenna og kvára í síðustu viku. Úr hornum heyrðist – og þá meðal löglærðra fyrst og fremst – að þetta væri augljóslega ekki verkfall í skilningi laga um stéttarfélög og vinnudeilur og því rangt að kalla þetta verkfall. Við tengjum líklegast mörg við þetta – að minnsta kosti sá sem hér ber lyklaborðið – sem stendur sig oft að því að tuða við sjálfan sig, eða þann sem er svo óheppinn að vera í námunda við hann, um það þegar röng eða ónákvæm lögfræðileg hugtök eru notuð í umræðunni: Það heitir vanhæfi en ekki óhæfi í stjórnsýslurétti – þótt eitt útiloki vissulega ekki annað.

Líklegast er það þannig að margra ára laganám, og svo að praktúsera fagið, geri sjónarhorn okkar margra annað en það hefði ellegar verið. Það er erfitt að gleyma því að viðmið úr laganámi sem lengi var notað sem mælikvarði var hinn óskekuli bonus pater familias. Og það vita síðan flest að það að vera þessi táknmynd feðraveldisins sjálfs er ómögulegt – nema ef til vill fyrir gervigreindina sem kann að taka yfir störf okkar að stærstu leyti.

Það var magnað að sjá samstöðuna á Arnarhóli 24. október sl. Þótt flest leiðarmerki sýni að við séum á réttri leið í áttina

að janfrétti kynjanna má gera betur og minna á að það sem enn þá stendur út af og hvernig við getum gert betur. Innan okkar eigin félags hefur verið leitað orsaka þess hvers vegna kynjaskipting innan félagsins endurspeglar ekki betur hlutföll útskrifaðra lögfræðinga.

Og umræða þessa hausts varðandi hinsegin samfélagið sýnir svo ekki verður um villst að hluta fólks finnst það bara alls ekki sjálfsagt að þau sömu fái að vera eins og þau eru, og hæðast eða gera lítið úr þeim. Hvort að um raunverulegt bakslag sé að ræða verða aðrir dæma en það er kannski bara tilviljun en nýlega fannst aðila sæmandi að tengja kynhneigð þess sem hér skrifar við lögmannsstörf hans, sem var í fyrsta sinn á ferlinum.

Sannarlega var kvenna- og kváraverkfallið ekki verkfall í skilningi laga. En orðið verkfall hefur ekki einungis lögfræðilega merkingu heldur líka aðra í íslensku máli. Þórbergur Þórðarson tók til að mynda lúr eftir hádegismatinn þar sem þá stæði yfir líffæraverkfall. Hins vegar væri líklegast erfiðara að auglýsa og fá fólk til þess að flykkja sér á bak við það ef lögfræðingar hefðu fengið að ráða heiti kvennaverfallsins. Það hefði líklegast ekki verið til sömu vinsælda eða áhrifa fallið að nefna það: Einhliða vinnustöðvun kvenna og kvára sem ekki er verkfall í skilningi laga.



Ragna Árnadóttir.



Jóhanna Vigdís og Guðrún Sesselja Arnardætur.

# SVIPMYNDIR AF LAGADEGI 2023

Lagadagurinn, stærsti viðburður ársins í lögfræðingasamfélaginu, hefur fyrir löngu sannað mikilvægi sitt en um miðjan október síðastliðinn sóttu um 620 manns málstofurnar sex sem voru í boði yfir daginn og 400 manns komu á hátíðarkvöldverð og dansleik.

Frá árinu 2008 hefur Lögmannafélagið staðið að Lagadeginum ásamt Dómarafélagi Íslands og Lögfræðingafélagi Íslands og var þetta því í 15. skipti sem dagurinn er haldinn, en hann féll niður vegna samkomutakmarkana árið 2020. Að þessu sinni komu 40 manns að málstofum dagsins, ýmist með erindi eða sem þátttakendur pallborðs eða rökstóla. Að venju endaði dagurinn svo með kvöldskemmtun í hæsta gæðaflokki. Hér koma svipmyndir af deginum en umfjöllun um eina málstofuna, Lagalegar áskoranir orkuskipta á Íslandi, er aftur í þessu tölublaði á meðan umfjöllun um tvær aðrar munu birtast í því næsta.

Ragna Árnadóttir skrifstofustjóri Alþingis var veislustjóri um kvöldið og stemningin var frábær. Hún vakti athygli langt út fyrir raðir lögfræðinga með því að taka „sumarkonuna“ á nýtt stig. Er ljóst að hennar biður frægð og frami í veislustjórabransanum ef hún fær leið á Alþingi.

Systurnar Jóhanna Vigdís Arnardóttir söng- og leikkona og Guðrún Sesselja Arnardóttir söngkona og héraðsdómari tóku nokkur lög við undirleik Jökuls Jónssonar.



F.v.: Hörður Helgi Helgason, Lára Herborg Ólafsdóttir og Margrét Helga Kr. Stefánsdóttir.

### Er unnt að fjötra Fenrisúlfr?

Vinsælasta málstofan að þessu sinni var „Er unnt að fjötra Fenrisúlfr? - Áskoranir og tækifæri gervigreindar á ýmsum réttarsviðum“ með um 220 þátttakendum. Þau Hörður Helgi Helgason lögmaður á Landslögum og formaður áhugahóps um tæknirétt, Lára Herborg Ólafsdóttir lögmaður hjá LEX og Margrét Helga Kr. Stefánsdóttir lögmaður hjá Lagastoð fjölluðu um gervigreindina sem mun öllu breyta og um áskoranir og tækifæri, meðal annars út frá drög að nýrri reglugerð ESB. Nafn málstofunnar kom þannig til að samkvæmt goðafræðinni ógnaði Fenrisúlfrurinn sjálfum ásum sem bundu hann fastan og þar stendur hann í Jötunheimum til ragnaraka er hann mun berjast við Óðin (guð þekkingar, visku og skáldskapar) og vega hann. Nánar verður fjallað um málstofuna í næsta Lögmannablaði.



F.v. Aldís Geirdal Sverrisdóttir, Kjartan Bjarni Björgvinsson, Trausti Fannar Valsson og Tryggvi Gunnarsson.

### Áskoranir í stafrænni stjórnsýslu

Það eru ýmsar áskoranir sem lögfræðingar standa frammi fyrir í stjórnsýslunni og ein þeirra er að gera stjórnsýsluna stafræna. Fjallað var um þróun og stöðu stafrænnar stjórnsýslu, undirbúning lagasetningar, hvaða skref þurfi að stíga til þess að tryggja að lagareglur virki í stafrænni stjórnsýslu og þær leiðir sem farnar hafa verið í nágrennalöndum okkar. Málstofustjóri var Kjartan Bjarni Björgvinsson héraðsdómari og framsögumenn þau Aldís Geirdal Sverrisdóttir teymisstjóri lögfræðipjónustu á þjónustu- og nýsköpunarsviði Reykjavíkurborgar, Trausti Fannar Valsson dósent við lagadeild Háskóla Íslands og Tryggvi Gunnarsson fv. umboðsmaður Alþingis.



Tæplega 200 manns sóttu málstofu um flókinn fjármálamarkað. F.v. Eyvindur G. Gunnarsson, Björk Sigurgísladóttir, Ólafur Arinbjörn Sigurðsson, Birna Hlín Káradóttir, Guðrún Þorleifsdóttir og Andri Fannar Bergþórsson.

### Flókinn fjármálamarkaður?

Á annarri málstofu var velt upp spurningunni hvort að löggjöf á fjármálamarkaði væri orðin of flókin og flutti Andri Fannar Bergþórsson dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík framsöguerindi. Þar velti hann fyrir sér hvort þær reglur sem gilda á fjármálamarkaði séu orðnar svo yfirgripsmiklar og flóknar að erfitt sé að átta sig á gildandi rétti fyrir alla hlutaðeigandi, þar á meðal eftirlitsstofnanir, eftirlitskylda aðila og ráðgjafa þeirra. Eins var fjallað um hvernig tekist hefur til við innleiðingu EES-reglna á þessu sviði. Að loknu erindi Andra ræddu þau Birna Hlín Káradóttir yfirlögfræðingur Arion banka, Björk Sigurgísladóttir varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits, Eyvindur G. Gunnarsson prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, Guðrún Þorleifsdóttir skrifstofustjóri skrifstofu fjármálamarkaðar hjá Fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Ólafur Arinbjörn Sigurðsson lögmaður hjá LOGOS lögmannspjónustu málið undir styrki stjórn Arnaldar Hjartarsonar héraðsdómara.





**F.v. Ragna Bjarnadóttir, Páll Winkel, Helgi Gunnlaugsson, Sigurður Tómas Magnússon, Símon Sigvaldason, Sigurður Örn Hilmarsson og Sigríður Friðjónsdóttir.**

### Fullnusta refsinga og öryggi í stafrænu réttarfari

Á málstofu um fullnustu refsinga var rætt um afdrif refsidóma og hver þau ættu að vera, m.a. út frá skýrslu Ríkisendurskoðunar þar sem lágt innheimtuhlutfall dómsektar var gagnrýnt. Þá var rætt um fyrningu dóma, samfélagsþjónustu og almennt um refsivörslukerfið á Íslandi. Til þessara rökstóla var kallað til einvala lið, þau Helgi Gunnlaugsson afbrotaræðingur, prófessor við félagsfræði-, mannfræði og þjóðfræðideild Háskóla Íslands, Páll Winkel forstjóri fangelsismálastofnunar, Ragna Bjarnadóttir skrifstofustjóri almanna- og réttaröryggis í dómsmálaráðuneytinu, Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari, Símon Sigvaldason landsréttardómari og Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður, formaður Lögmannafélags Íslands. Stjórnandi var reynsluboltinn Sigurður Tómas Magnússon hæstaréttardómari en hann stjórnaði einnig seinni hluta málstofunnar sem fjallaði um réttaröryggi í stafrænu réttarfari; hvaða þætti málsmeðferðar við viljum að fari undir stafrænt fyrirkomulag. Þar ræddu málin Björn L. Bergsson héraðsdómari, Kristín Benediktisdóttir dósent við lagadeild Háskóla Íslands, Snædís Ósk Sigurjónsdóttir lögfræðingur dómstólasýslunnar og Sigurður Örn Hilmarsson



**F.v. Hlynur Halldórsson, Valborg Steingrimsdóttir, Dagbjört Hákonardóttir og Áslaug Björgvinsdóttir.**

formaður LMFÍ. Nánar verður fjallað um málstofuna í næsta Lögmannablaði.

### Vinnuréttur og persónuvernd

Einni málstofu var skipt upp í tvo hluta. Annars vegar var velt upp þeirri spurningu hvort leikreglur í kjaradeilum hefðu verið virtar að vettugi og að átakavetur væri framundan í kjaradeilum. Daniel Isebarn Ágústsson lögmaður hjá MAGNA, Lára V. Júlíusdóttir lögmaður hjá LL3 lögmonnum, Magnús M. Norðdahl sérfræðingur á sviði alþjóða- og vinnumarkaðsmála hjá ASÍ og Ragnar Árnason forstöðumaður vinnumarkaðssviðs Samtaka atvinnulífsins ræddu málin undir stjórn Gylfa Dalmanns Aðalsteinssonar.

Hins vegar var fjallað um persónuverndarlöggjöfina í tilefni þess að fimm ár eru frá því að lög nr. 90/2018 tóku gildi. Rætt var um ávinning laganna, áherslur Persónuverndar í frumkvæðismálum og sektir vegna brota. Málstofustjóri með framsöguerindi var Áslaug Björgvinsdóttir lögmaður hjá LOGOS lögmannsþjónustu en í pallborði sátu Dagbjört Hákonardóttir alþingismaður og fv. persónuverndarfulltrúi Reykjavíkurborgar, Hlynur Halldórsson lögmaður hjá Landslögum og Valborg Steingrimsdóttir sviðsstjóri öryggis og úttekta hjá Persónuvernd.

# PRENTUN

**Litla & prent**

Umhverfisvæn og svansvottuð prentsmiðja - [www.litlaprent.is](http://www.litlaprent.is)



# “STREET FOOD” STEMNING

Það er alltaf fjör í hádeginu á Lagadegi þar sem boðið er upp á götugóðgæti að hætti Vox, að þessu sinni var bókstaflega hægt að stinga sér á bólakaf í bragðlaukana. Og það ekki leiðinlegt á sama tíma og heilsað er upp á samferðafólkið í lífinu; starfsfélaga, skólafélaga, leikfímifélaga, Rótarýfélaga, sundfélaga, ættingja, vini, fyrrverandi vini, bókaklúbbsfélaga og ferðafélaga.



Tveir fyrrverandi formenn LMFÍ. F.v. Lárentínus Kristjánsson og Reimar Pétursson.



Frændur eru frænkum bestir. F.v. Sæunn Magnúsdóttir og Helgi Jóhannesson.



F.v. Sóley Ragnarsdóttir og Guðrún Agnes Þorsteinsdóttir.



F.v. Ragna Árnadóttir, Páll Hreinsson, Óðinn Elisson og Þóra Hallgrímsdóttir.





F.v. Aðalheiður Jóhannsdóttir, Hrafnhildur Bragadóttir, Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir, Jóna Þórey Pétursdóttir, Kristín Linda Árnadóttir og Þórður Bogason.

# LAGALEGAR ÁSKORANIR ORKUSKIPTA Á ÍSLANDI

Á lagadeginum í ár var meðal umfjöllunarefna lagalegar áskoranir orkuskipta á Íslandi. Samkvæmt sáttmála núverandi ríkisstjórnar er ráðgert að lögð verði fram þingsályktun um orkuskipti og útfösun jarðefnaeldsneytis. Ráðgert er að settar verði fram aðgerðir og lagður grunnur að því að fullum orkuskiptum verði náð eigi síðar en árið 2040 og að Ísland verði óháð jarðefnaeldsneyti fyrst þjóða. Ýmsu var velt upp varðandi fyrirhuguð orkuskipti, m.a. hvað raunverulega felist í markmiðum um full orkuskipti, hvort nógildandi lög standi orkuskiptum fyrir þrifum og hvort orkuskipti þjóni brýnum almannahagsmunum.

Framsögumenn á málstofunni voru Aðalheiður Jóhannsdóttir prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands, Hrafnhildur Bragadóttir LL.M, aðjúntk við Lagadeild Háskóla Íslands og doktorsnemi og Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir LL.M, lektor við lagadeild Háskólans á Akureyri og doktorsnemi. Málstofustjóri var Víðir Smári Petersen dósent við Lagadeild Háskóla Íslands. Í pallborði voru Þórður Bogason lögmaður og framkvæmdastjóri MAGNA lögmannsstofu, Kristín Linda Árnadóttir aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar og Jóna Þórey Pétursdóttir lögmaður á Rétti.

## Hvað felst í markmiðum um full orkuskipti?

Hrafnhildur Bragadóttir vék í upphafi að því að meginmarkmið með orkuskiptum almennt væri að draga úr loftslagsáhrifum vegna bruna á jarðefnaeldsneyti en ýmiss annar ávinningur væri af því, m.a. aukið orkuöryggi, orkusjálftæði, gjaldeyrissparnaður, nýsköpun, atvinnuuppbygging og bætt loftgæði. Hún lagði áherslu á hversu víðfeðmt viðfangsefni er um að ræða sem

hefði áhrif á lög og stefnumótun um alla virðiskeðjuna, þ.e. orkuframleiðslu, innviði til orkuflutnings og orkunotkun.

Meðal markmiða Parísarsamningsins er að halda hlýnun jarðar innan við 1,5°C og vinna að hnattrænu kolefnishlutleysi á síðari helmingi aldarinnar. Landsframlag Íslands er 55% samdráttur í heildarlosun Evrópu fyrir árið 2030, miðað við árið 1990, sem er sameiginlegt markmið með ESB, aðildarríkjum þess og Noregi. Þegar Kyoto-bókunin við loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna var gerð var ákveðið að undanskilja alþjóðaflug og siglingar enda talið of flókið að taka á þeim þar. Alþjóðaflugmálastofnunin og Alþjóðasiglingastofnunin hafa með höndum það verkefni og er þeirra markmið að hvoru tveggja verði kolefnishlutlaust um miðja öldina. Að mati Hrafnhildar er markmið stjórnvalda um hröð orkuskipti Íslands í alþjóðlegu flugi og siglingum í litlu samhengi við alþjóðlegar og evrópskar reglur.



Aðalheiður Jóhannsdóttir.



Hrafnhildur Bragadóttir.



Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir.

Hrafnhildur telur hins vegar að orkuskipti í vegasamgöngum og sjávarútvegi sé lykilaðgerð til að standa við skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum. Hún benti þó á ekki hefði verið skilgreint með nægilega skýrum hætti hvað felist í fullum orkuskiptum fyrir árið 2040 og að þörf sé á auknu gagnsæi til að byggja megi ákvarðanir á markmiðinu. Nauðsynlegt sé að skýra forsendur að baki áætlunum, spám og útreikningum um raforkuþörf vegna orkuskipta til að ljóst sé hvað liggja að baki ákvörðunum um aukna raforkuframleiðslu.

### **Eru til staðar lagalegar hindranir fyrir hröðum orkuskiptum?**

Aðalheiður Jóhannsdóttir ræddi hvort nauðsynlegt væri að einfalda kerfið til að ná fram hröðum orkuskiptum. Í því samhengi vék hún að leyfisveitingum, málsmeðferðartíma og kerfinu sem við búum við á sviði umhverfis-, orku- og auðlindamála. Samkvæmt núgildandi kerfi væri undirbúningstími fyrir hverja virkjunarframkvæmd u.þ.b. 9 ár og framkvæmdatími um 3–4 ár ef vel gengur. Kerfið okkar telst nokkuð flókið borið saman við kerfi nágrannalanda þótt þýði ekki endilega að málsmeðferðartími sé lengri. Til að ná orkuskiptum árið 2040 þyrfti hins vegar að huga að því að einfalda kerfið.

Aðalheiður velti upp möguleikanum á því að gefa út eitt leyfi vegna virkjunarframkvæmda. Horfa mætti til nýlegra breytinga á skipulagslögum, vegna svokallaðs raflínuskipulags, en með því varð til ný tegund skipulags vegna flutningskerfis raforku sem nær til tveggja eða fleiri sveitarfélaga og er kveðið á um að það standi skör ofar öðrum skipulagsgerðum. Heimild til skipulagsgerðar er þannig falið sérstakri nefnd en þegar hún lýkur störfum verður til sameiginleg skipulagsáætlun og er gefið út sameiginlegt framkvæmdaleyfi vegna slíkra framkvæmda. Aðalheiður benti á að möguleiki væri á að nýta þessa aðferðafræði vegna orkuskiptaframkvæmda.

Aðalheiður nefndi einnig upp hvort við værum komin að því tímamarki að leggja niður rammaáætlun; hvort unnt væri að ná sömu markmiðum með því að breyta heimildarlögum leyfisveitanda og mati á umhverfisráhrifum. Markmið rammaáætlunar er að virkjunarframkvæmdir, sem eru áætlaðar og ná ákveðinni stærð, eru metnar af verkefnisstjórn sem skilar á endanum tillögu til ráðherra sem leggur síðan þingsáætlunartillögu fyrir þingið. Þetta er afar viðkvæmt pólitískt tæki og hefur veikleika sem eru m.a. fölgir í því að ekki er hægt að bregðast við því þótt viðkomandi þingsályktunartillaga sé ekki lögð fram lögum samkvæmt. Hún benti á að Norðmenn hættu að nota sambærilegt kerfi árið 2016.

Þá velti Aðalheiður því fyrir sér hvort rétt væri að flytja ábyrgð á umhverfismati frá Skipulagsstofnun og að það verði leyfisveitanda að taka afstöðu til matsskyldu og gæða matsins. Í dag er umhverfismat skilið frá sjálfri leyfisveitingameðferðinni og að mati Aðalheiðar ætti að breyta þessu ef hraða eigi hraða undirbúningnum. Þá væri hugsanlega mögulegt að veita framkvæmdum vegna orkuskipta forgang í stjórnýslunni. Að auki væri hægt að kveða á um í lögum um hámarkstíma málsmeðferðar.

Aðalheiður benti á að við bjuggum til kerfi sem okkur finnst stundum of flókið, tímafrekt og dýrt, á hinn bóginn er mögulegt að breyta því og erum á því tímamarki að taka afstöðu til þess – sérstaklega ef okkur er alvara um full orkuskipti árið 2040.

### **Þjóna orkuskipti brýnum hagsmunum almennings?**

Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir fjallaði um hugtökin orkuöryggi og orkuskipti og hvernig þau koma fram í lögum og framkvæmd.

Ragnheiður benti á að orkuskipti eiga sér langa sögu en fyrstu orkuskiptin áttu sér stað á 13. öld þegar maðurinn fór að nota kol og tímabil jarðefnaeldsneytis hófst. Önnur orkuskiptin voru

Þegar kolum var breytt í koks sem var lykillinn að iðnbyltinguni. Seint á 19. öld hófst notkun olíu og gass með tilheyrandi raforkuframleiðslu. Yfirstandandi orkuskipti eru fölginn í því að skipta út jarðefnaeldsneyti fyrir endurnýjanlega orku auk þess að bæta orkunýtni. Þetta er beintengt loftslagsvánni.

Orkuöryggi, samkvæmt skilgreiningu alþjóðaorkumála-stofnunarinnar, felst í ótrufluðum aðgangi að allri orku og auðlindum á viðráðanlegu verði. Í skýrslu ráðherra til Alþingis um raforkumál árið 2015 kom fram að orkuöryggi fælist meðal annars í tryggu orkuframboði og afhendingaröryggi. Þetta er jafnframt skilgreint í raforkulögum en samkvæmt þeim felst raforkuöryggi í að notendur hafi aðgang að raforku þegar hennar er þörf og þar sem hennar er þörf, með hliðsjón af almennri stefnumörkun stjórnvalda á hverjum tíma og skilgreindum áreiðanleika og gæðum.

Ragnheiður benti m.a. á skýrslu starfshóps um raforkuöryggi á heildsölumarkaði fyrir raforku frá árinu 2020. Hlutverk hópsins var að leggja mat á hvaða breytingar á raforkulögum þyrfti að gera til að tryggja orkuöryggi fyrir heimili og fyrirtæki og skýra betur ábyrgð aðila á markaði. Meðal þess sem kom fram að tryggja þyrfti orkuframboð til langs tíma á næstu árum, tryggja afhendingaröryggi, framleiðsluöryggi og rauntímaöryggi. Nokkur endurskoðun hefur átt sér stað á löggjöf Evrópusambandsins vegna Úkraínustríðsins, sem miðar að því stytta leyfisveitingaferli vegna endurnýjanlegrar orku í ákveðnum afmörkuðum tilvikum og stuðla að bættu orkuöryggi.

Ragnheiður fjallaði um tvo áhugaverða úrskurði úrskurðarnefndar sem reyndi að nokkru á mikilvægi orkuskipta þegar kemur að ákvörðun sveitarfélags um útgáfu framkvæmdaleyfis fyrir virkjunarframkvæmdum. Einkum það álitaefni hvað teljist til



**Viðir Smári Petersen fundarstjóri í pontu.**

brýnnar nauðsynjar í skilningi 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og hvort orkuskipti geti fallið þar undir.

Annars vegar úrskurður vegna Brúarvirkjunar nr. 52/2018. Um var að ræða framkvæmdaleyfi vegna vatnsaflsvirkjunar. Sveitarfélagið kvað tilgang m.a. vera að styrkja dreifikerfi raforku á svæðinu samhliða virkjun og tengingu við flutningskerfið og því væru fölgirnir ríkir almannahagsmunir. Enn fremur væri virkjun mikilvæg fyrir gæði raforku, afhendingaröryggi og raforkuöryggi í uppsveitum. Úrskurðarnefndin hafnaði kröfum kæranda í málinu og tók undir að það væri málefnalegt markmið að stuðla að auknu raforkuöryggi og að sveitarfélagið hefði nokkuð svigrúm til mats á því hvað teldist til brýnna hagsmuna almennings í sveitarfélaginu.

Hins vegar úrskurður vegna Hnútavirkjunar nr. 58/2022. Í ákvörðun um veitingu framkvæmdaleyfis bókaði sveitarstjórn að virkjunin myndi auka tekjur, tryggja græna orku og framkvæmdin samræmdist markmiði stjórnvalda um orkuskipti.

# Ásar – þýðingar og túlkun slf.

Ellen Ingvadóttir, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi, EU-ACI

Almennar og löggiltar þýðingar, dóm- og ráðstefnutúlkun, textaráðgjöf.

Ásar – þýðingar og túlkun slf » Reykjavík » Sími: 897 2717  
Netfang: [ellening@simnet.is](mailto:ellening@simnet.is)



Úrskurðarnefndin taldi að rökstuðningur sveitarfélagsins hefði ekki verið fullnægjandi um hvort brýna nauðsyn bæri til framkvæmdarinnar og að sveitarfélagið hefði ekki rakið nægilega með hvaða hætti virkjunin myndi bæta raforkuöryggi innan þess. Var framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar fellt úr gildi. Úrskurðarnefndin tók hins vegar ekki afstöðu til röksemda sveitarfélagsins um að framkvæmdin samræmdist aðgerðaáætlun stjórnvalda um orkuskipti í landinu.

Ragnheiður benti á að skýra þurfi stöðu orkuskipta í leyfisveitingaferlinu og lögbinda markmið orkuskipta, hvenær brýna nauðsyn beri til orkuskipta og hvenær þau séu í þágu almannahagsmuna, sem er vandasamt verkefni.

#### **Pallborð – umræður**

Að loknum erindum fóru fram umræður undir styrkri stjórn Víðis Smára Petersen málstofustjóra.

Kristín Linda Árnadóttir taldi Ísland hafa alla burði til að vera framarlega í orkuskiptum en benti á að við þyrftum að vera skýr um hvaða orkuskipti verið væri að tala um. Kristín Linda benti á að við hefðum tækifæri til að taka mjög stór skref í landsamgöngum fyrir árið 2035. Orkuskiptin í alþjóðasiglingum og flugi verði ekki gert á grundvelli tækni sem Íslendingar eru að framleiða og það er hennar mat að þar þurfum að fylgja öðrum þjóðum. Þá vék Kristín Linda að því að Evrópusambandið

sé búið að fara í Red I, II og III. Íslendingar hafi tekið upp skuldbindingar til að fylgja þessum stóru og háleitu markmiðum og þessar gerðir séu til umræðu hjá sameiginlegu EES nefndinni núna.

Jóna Þórey Pétursdóttir var spurð út í það hvort orkuskipti teldust almannahagsmunir að núgildandi lögum og hvort unnt væri að samræma orkuskipti og náttúruvernd. Jóna Þórey taldi líklegt að ef kollvarpa ætti kerfinu til að hraða orkuskiptum þá kynni það að taka fimm ár. Þá benti hún á að ákvæði vanti í lög til að tryggja að laus orka rati í orkuskipti en eins og orkumarkaðurinn væri núna þá færi laus orka til hæstbjóðanda og það væri ekki endilega vitað hver það væri þegar tekin væri ákvörðun um virkjun. Þá benti hún á að verkefnið þyrfti að raska umhverfinu sem minnst og að vindorkan væri kannski best til þess fallin. Þá væri flutningskerfið grundvallaratriði, þ.e. að auka virkni þess og að stækka virkjanir þar sem þegar er búið að raska umhverfi.

Þórður Bogason taldi almannahagsmuni ekki alltaf mjög ofarlega í röksemdum sveitarstjórna. Kerfið áður en rammaáætlun kom var þannig að Alþingi samþykkti hverja virkjun sem var stærri en 10 MW en með raforkulögum varð þetta miðstýrt. Rammaáætlun hefði tafið og flækt málin, að mati Þórðar, og hann var sammála því að einfalda mætti löggjöfina til að vera ekki stöðugt að fara með sömu málin fyrir mismunandi leyfisveitendur, með sömu rökum, sambærilegum kærnum o.s.frv. Þórður bætti því við að orkuskipti næðust ekki ef flutningskerfi raforku yrði ekki bætt.

Góðar umræður spunnust í kjölfar umræðna í pallborði. Það kom bersýnilega í ljós að framsögumenn og þátttakendur í pallborði töldu mikilvægt að skilgreina hvað fælist í fullum orkuskiptum fyrir árið 2040 og að ef ríkisstjórninni væri alvara um það þá þyrfti að ráðast í gagngera endurskoðun á kerfinu, til einföldunar á því og eins að skilgreina hvort brýnir almannahagsmunir séu fólgnir í orkuskiptum.

[Unnur Lilja Hermannsdóttir](#)

**Deloitte.**  
Legal

LANDSLÖG | LÖGFRÆÐISTOFA

# AÐGANGUR VERJENDA AÐ R-MÁLUM TIL LANDSRÉTTAR

Á undanförunum árum hefur dómsmálaráðuneytið, í samstarfi við lögreglu og dómstólasýsluna, unnið að þróun réttarvörslugáttar. Markmiðið er að allir aðilar réttarvörslukerfisins geti skipst á gögnum og upplýsingum með stafrænum hætti og hafi yfirsýn yfir stöðu mála í kerfinu og aðgang að gögnum um leið og þau liggja fyrir.


Í gáttinni eru nú öll rannsóknarmál unnin er krefjast úrskurðar dómara. Hingað til hefur virkni réttarvörslugáttar fyrir lögmenn verið takmörkuð en þann 10. október sl. var tekið í notkun nýtt verklag við kærur í rannsóknarmálum til Landsréttar sem nú fara fram gegnum réttarvörslugátt. Í gáttinni hafa verjendur nú aðgang að þeim rannsóknarmálum sem þeir sinna og yfirsýn yfir öll sín rannsóknarmál á einum stað.

Til þess að komast inn á sitt svæði í réttarvörslugátt þurfa lögmenn að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum á slóðinni [rettarvorslugatt.island.is](https://rettarvorslugatt.island.is). Þar birtist yfirlitssíða yfir þau rannsóknarmál sem lögmaður sinnir. Á yfirlitssíðu hvers máls sést borði með upplýsingum um kærufrest og kæra er send með því að smella á þar til gerðan hlekk og hlaða upp viðeigandi gögnum. Í hvert sinn sem ný gögn bætast við í máli fá dómstólar, sækjandi, verjandi og eftir atvikum fangelsismálayfirvöld, tilkynningu í tölvupósti um að ný gögn varðandi málið séu aðgengileg í réttarvörslugátt. Ekki er nauðsynlegt að fara með frumrit greinargerðar á pappír til Landsréttar þegar kært er í gegnum réttarvörslugátt.

Leiðbeiningar um hið nýja keruferli rannsóknarmála má finna hér: <https://lmfi.is/media/10657/lo-gmenn-leidbeiningar.pdf>



Kynningarfundur um hið nýja verklag var haldinn hjá Lögmannafélaginu 21. september sl. Þar kynntu Guðlaug Dröfn Þórhallsdóttir frá dómsmálaráðuneytinu, Snædís Ósk Sigurjónsdóttir frá dómstólasýslunni og Guðný Þ. Magnúsdóttir og Anna Gyða Pétursdóttir frá hugbúnaðarfyritækinu Kolibri gáttina og hafa lögmenn fengið sendan hlekk á upptöku af fundinum. <https://clipchamp.com/watch/2Mlmjgimjtp>



Svona lítur síðan út á <https://Island.is>

# LOGOS

Reykjavík · London



Mörkin lögmannsstofa hf.  
Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, 108 Reykjavík  
Sími 414 4100 · [www.law.is](http://www.law.is)

# RAFRÆN MÓTTAKA BEIÐNA UM ÁFRÝJUNARLEYFI

Þann 6. október sl. tók Hæstiréttur í notkun þjónustugátt til móttöku beiðna um áfrýjunarleyfi með rafrænum hætti. Í gegnum gáttina, sem tengd er við málaskrárkerfi réttarins, er einnig hægt að senda umsagnir um beiðnir um áfrýjunarleyfi og önnur gögn. Þjónustugáttin er opnuð með rafrænum skilríkjum.



Leyfisbeiðandi sem hyggst sækja um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar með rafrænum hætti fyllir út það umsóknarform sem við á og hleður inn gögnum í gáttina. Starfsmaður Hæstaréttar sendir í kjölfarið staðfestingu á móttöku með tölvupósti þar sem tiltekið er hvenær umsókn barst.

Þegar Hæstarétti hefur borist beiðni um áfrýjunarleyfi fær gagnadæli sent bréf í gegnum stafrænt pósthólf á *island.is* þar sem honum er veittur kostur á að skila inn umsögn af sinni hálfu. Leyfisbeiðandi eða lögmaður hans fá afrit af bréfi réttarins til gagnadæila.

Umsagnaraðili sem hyggst skila inn umsögn við beiðni um áfrýjunarleyfi rafrænt velur flokkinn „umsagnir til Hæstaréttar“.

Þegar umsögn hefur borist Hæstarétti mun starfsmaður réttarins senda staðfestingu á móttöku með tölvupósti þar sem tiltekið verður hvenær umsögn barst. Jafnframt verður umsögnin framsend leyfisbeiðanda eða lögmanni hans

Þegar ákvörðun Hæstaréttar liggur fyrir verður tilkynning og staðfest endurrit ákvörðunar send málsaðilum eða lögmonnum þeirra í gegnum stafrænt pósthólf á *island.is*.

Hægt er að sjá yfirlit yfir innsendar beiðnir um áfrýjunarleyfi og umsagnir með því að smella á „eldri innsendar umsóknir“.

Framvegis mun Hæstiréttur því ekki gera kröfu um að áfrýjunarleyfisbeiðnum og gögnum þeim tengdum verði skilað á pappír ef notast er við gáttina. Þjónustugáttin verður nýtt til móttöku rafrænna gagna þar til Hæstiréttur tengist réttarvörslugátt, sameiginlegri þjónustugátt dómstólanna.

Leiðbeiningar um notkun þjónustugáttar Hæstaréttar má finna hér: <https://www.haestirettur.is/library/Files/Leiðbeiningar/Lei%C3%B0beiningar%20-%20%C3%BEj%C3%B3nustug%C3%A1tt%20pdf.pdf>

Í aðdraganda opunar þjónustugáttarinnar naut Hæstiréttur aðstoðar lögmannanna Evu B. Helgadóttur og Geirs Gestssonar og kann rétturinn þeim bestu þakkir fyrir góðar og gagnlegar ábendingar.

**EHJ**





# HELMINGUR HEFUR VELT FYRIR SÉR AÐ SKIPTA UM STARFSVETTIVANG



Í sumar fól Lögmannafélagið Gallup að framkvæma könnun um afstöðu lögmanna til starfa í lögmennsku og fleiri þátta s.s. vinnutíma, kjara, frítöku, álags í starfi, samspil vinnu og einkalífs *o.fl.* Könnunin var send 1008 lögmönnum og var svarhlutfall 49,1%. Hlutfall sjálfstætt starfandi lögmanna, innanhússlögmanna og fulltrúa sem tóku þátt var sambærilegt við hlutfall þeirra af heildarfjölda lögmanna og sama gildir um hlutfall þátttakenda eftir kyni. Hér á eftir verður gerð grein fyrir fyrstu niðurstöðum könnunarinnar en frekari umfjöllun verður í næstu tölublöðum Lögmannablaðsins.

## Innanhússlögmenn vinna mest

Karlar vinna að meðaltali 157 klst. á mánuði en konur 150 klst. Ekki er marktækur munur á fjölda vinnustunda á mánuði eftir aldri, fyrr en eftir 60 ára aldur. Innanhússlögmenn vinna að meðaltali flestar klst. á mánuði eða 163, fulltrúar 155 klst. og sjálfstætt starfandi lögmenn 150 klst. Að meðaltali finnst 34% lögmanna þeir vinna of mikið eða 40% sjálfstætt starfandi lögmanna, 33% fulltrúa og 21% innanhússlögmanna.

## Vinnur þú of mikið, hæfilega mikið eða myndir þú vilja/þurfa að vinna meira?



■ MÉR FINNST ÉG VINNA OF MIKIÐ

■ MÉR FINNST ÉG VINNA HÆFILEGA MIKIÐ

■ ÉG MYNDI VILJA VINNA MEIRA

■ ÉG MYNDI ÞURFA AÐ VINNA MEIRA

## Helgarvinna algeng

Mikill meirihluti lögmanna eða 87% vinnur einn eða fleiri helgardaga í mánuði og 82% lögmanna vinnur eftir kl. 17 einn eða fleiri virka daga í viku. Rúmlega helmingur lögmanna eða 51,6% vinna eftir kl. 17 þrjá eða fleiri daga í viku.

## Hve oft vinnur þú um helgar?



Sjálfstætt starfandi lögmenn (86%) og fulltrúar (85%) eru líklegri til þess að vinna eftir kl. 17 á daginn en innanhússlögmenn (74%). Þegar skoðað er hlutfall lögmanna sem vinna eftir kl. 17 þrjá eða fleiri daga á viku er hlutfall sjálfstætt starfandi lögmanna 60%, fulltrúa 57% og innanhússlögmanna 34%. Að sama skapi vinna innanhússlögmenn (73%) sjaldnar um helgar en fulltrúar (89%) og sjálfstætt starfandi lögmenn (92%).

## Hve oft vinnur þú eftir kl. 17 á virkum dögum?



## Mikil streita meðal lögmanna

Niðurstöður könnunarinnar sýna að 82% lögmanna finna fyrir nokkurri eða mikilli streitu/álagi í starfi. Ekki er marktækur munur á milli kynja hvað þetta varðar en munur er á milli hópa eftir aldri. 91% lögmanna á aldrinum 25-29 ára segjast finna fyrir nokkurri eða mikilli streitu/álagi en hlutfallið fer lækkandi með hækkandi líf- og starfsaldri og er lægst 56% í aldurshópnum 60 ára og eldri. Fulltrúar eru líklegri til þess að finna fyrir streitu/álagi í starfi (93%) en sjálfstætt starfandi lögmenn (79%) og innanhússlögmenn (81%).

## Finnur þú fyrir streitu/álagi í starfi þínu?



## Helmingur velt fyrir sér að skipta um starfsvettvang

Um helmingur, eða 49% lögmanna, hafa velt því fyrir sér að skipta um starfsvettvang á síðustu tólf mánuðum. Algengara er að konur (55%) hafi velt því fyrir sér en karlar (45%) og meirihluti lögmanna í aldurshópnum 25-29 ára (55%), 30-39 ára (54%) og 40-49 ára (58%) hafa velt því fyrir sér að skipta um starfsvettvang. Fulltrúar (63%) eru líklegri til þess að hafa velt fyrir sér að skipta um starfsvettvang en sjálfstætt starfandi lögmenn (46%) og innanhússlögmenn (44%). 73% þeirra sem finna fyrir mikilli streitu/álagi í starfi hafa velt fyrir sér að skipta um starfsvettvang á síðustu 12 mánuðum.


## Hefur þú velt fyrir þér á síðustu 12 mánuðum að skipta um starfsvettvang?




## Lögmenn almennt ánægðir með vinnustaði sína en minnihluti telur starfið fjölskylduvænt

Yfirgnæfandi meirihluti lögmanna eða 90% sögðust vinna á góðum vinnustað (sjálfstætt starfandi lögmenn 92%, fulltrúar 81% og innanhússlögmenn 91%) og 73% lögmanna finnst vinnustað sínum vera vel stjórnað. Þá sögðust 78% lögmanna telja starf sitt metið að verðleikum en aðeins 44% telja starf sitt fjölskylduvænt.


### „Ég vinn á góðum vinnustað“




### „Starf mitt er fjölskylduvænt“



### „Starf mitt er metið að verðleikum“



### „Vinnustað mínum er vel stjórnað“



Garðastræti 37 – 101 Reykjavík  
511 1190 – lmg.is



LÖGMANNSSTOF#

# „BÚÐINGUR Í BOÐI HÚSSINS“

INGIMAR INGASON

FRAMKVÆMDASTJÓRI LÖGMANNAFÉLAGS ÍSLANDS



Nýlega vísaði Hæstiréttur frá kærnu lögmanns í máli gegn Lögreglustjóranum á Suðurlandi en í málinu var tekist á um fjárhæð þóknunar lögmanns vegna vinnu hans sem skipaðs verjanda á rannsóknarstigi. Vísaði Hæstiréttur málinu frá á grundvelli þess að úrskurður Landsréttar, sem hafði á grundvelli 1. mgr. 38. gr. sakamálalaga nr. 88/2008 hafnað því að ákveða þóknun áður en máli væri lokið, væri ekki kærnanlegur á grundvelli 1. mgr. 211. gr. sakamálalaga.

Framangreint ágreiningsmál er athyglisvert fyrir margra hluta sakir, en niðurstaða þess sýnir m.a. hvað lögmönnum sem sinna verjendastörfum er gert erfitt fyrir að fá greitt fyrir þau störf.

Í stuttu máli voru málavextir þeir að verjandi í umfangsmiklu sakamáli krafðist þóknunar fyrir verjendastörf sín en hann hafði látið af störfum að beiðni skjólstaðings síns. Féllst lögregluembættið á greiðsluskyldu sína en hafnaði hins vegar umkrafinni þóknunarfjárhæð sem það taldi hana úr hófi fram. Var ágreiningi um fjárhæðina í framhaldinu skotið til héraðsdóms, þar sem lögmaðurinn fór fram á að dómstóllinn ákvarðaði honum þóknun á grundvelli framlagðar tímaskýrslu í málinu, en lögreglustjóraembættið krafist þess að þóknunin yrði ákveðin lægri en þar greindi. Í úrskurði héraðsdóms var fallist á rétt lögmannsins til þóknunar en fjárhæð hennar hins vegar lækkuð umtalsvert með vísan til þess að verulegur hluti vinnu hans samkvæmt tímaskýrslu væri utan starfsskyldna hans sem verjanda eins og þær væru skilgreindar í lögum.

Í framhaldi af niðurstöðu héraðsdóms skaut lögmaðurinn málinu til Landsréttar þar sem hann krafðist þess að þóknun hans yrði hækkuð en lögreglustjóri krafðist staðfestingar á hinum kærða úrskurði.

Þrátt fyrir að ágreiningur málsaðila hafi ekki lotið að greiðsluskyldu lögreglustjóraembættisins í málinu, heldur

aðeins fjárhæð þóknunarinnar, felldi Landsréttur úrskurð héraðsdóms úr gildi með þeim rökum að ekki væri tímabært að kveða á um þóknun lögmannsins með þeim hætti sem gert hafði verið. Það vekur athygli við lestur úrskurðarins að þrátt fyrir nokkuð nákvæma tilvísun Landsréttar til ákvæðis 1. mgr. 38. gr. sakamálalaga í niðurstöðu sinni, virðist dómurinn alfarið skauta fram hjá inntaki 2. mgr. sömu greinar og þá sérstaklega 3. ml. hennar sem hefur að geyma skýra heimild til að greiða verjanda hluta áætlaðrar þóknunar áður en rannsókn máls lýkur. Þá virðist nálgun Landsréttar í ósamræmi við gildandi verklagsreglur sem lögreglustjóraembætti landsins hafa sett sér um framkvæmd greiðslna á grundvelli umrædds málsliðar, sem hljóða svo:

*„Ákveði sakborningur eða brotþoli að skipta um lögmann, áður en máli er lokið hjá lögreglu, er heimilt að ákvarða þóknun til þess lögmanns sem er hættur afskiptum af málinu. Ef málsmeðferð tekur óvenjulega langan tíma, af ástæðum sem ekki verða raktar til sakbornings, er heimilt að ákvarða lögmanni þóknun áður en máli lýkur hjá lögreglu.“*

Af framangreindri niðurstöðu Landsréttar verður ekki önnur ályktun dregin en að lögmenn sem sinna verjendastörfum á rannsóknarstigi en sem sakborningar ákveða að skipta út á því stigi, geti ekki vænst þess að fá greitt fyrir vinnu sína fyrir en dómur er kveðinn upp. Sú niðurstaða er allsendis óviðunandi, enda geta í sumum tilvikum liðið mörg ár frá því lögmaður, sem aðeins gætir hagsmuna sakbornings á rannsóknarstigi, hættir og þar til dómur gengur í máli. Þá verður að teljast í hæsta máta óeðlilegt að lögmönnum, sem taka við sem verjendur fyrir dómi, sé gert að sinna innheimtustörfum fyrir fyrri verjendur á þeim vettvangi.

Athygli vekur að Landsréttur vísar til eldri Hrd. í máli nr. 219/2008, til stuðnings niðurstöðu sinni, þar sem dómstóllinn sýnir að lögmanni um ákvörðun þóknunar sökum þess að ekki

lægi fyrir að sakamáli skjólstæðingsins væri lokið í skilningi þágildandi 1. og 2. ml. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Vandséð er hvernig ofangreindur dómur geti haft fordæmisgildi, enda veitir núgildandi 2. mgr. 38. gr. sakamálalaga sérstaka heimild til ákvörðunar þóknunar áður en rannsókn máls lýkur, sem hvergi var að finna í lögum nr. 19/1991.

Þá verður að teljast óheppilegt að lögmennt sem sinna verjendastörfum á rannsóknarstigi geti ekki kært niðurstöðu Landsréttar um að hafna þóknunarákvörðun fyrir slík störf til Hæstaréttar. Þetta á sérstaklega við þegar fyrir liggur að ekki er uppi ágreiningur um greiðsluskyldu af hálfu lögreglustjóra heldur aðeins um fjárhæðina. Að sama skapi hlýtur að teljast ósanngjarnt, m.a. í ljósi þess að lögmonnum er lögum samkvæmt skylt að taka við skipun eða tilnefningu sem verjendur eða réttargæslumenn í sakamáli, að þeir geti ekki áfrýjað ákvörðun lægri dómstiga um fjárhæð þóknunar fyrir slík störf, án þess

að efnisdómur í viðkomandi sakamáli sé jafnframt undir. Þetta er sérstaklega bagalegt þegar horft er til þess að ákvarðanir dómstóla um þóknun í þessum málaflokki fela gjarnan í sér verulega lækkun, frá því sem krafist er, án þess að rök séu færð fyrir þeirri ákvörðun.

Fyrir á þessu ári sendi stjórn Lögmannafélagsins dómsmálaráðherra tillögu að breytingum á lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008, þar sem lagt er til að bætt verði inn ákvæðum sem annars vegar kveða á um sérstakan rökstuðning af hálfu dómara, fallist hann ekki á kröfu verjanda eða réttargæslumanns um þóknun, sem studd er framlagðri tímaskýrslu, og hins vegar um sjálfstæða heimild verjanda og réttargæslumanna til að áfrýja þóknunarákvörðunum til Landsréttar og Hæstaréttar. Í ljósi niðurstöðu Hæstaréttar í því máli sem að framan er rakið er hins vegar ljóst að nauðsynlega þarf að bæta við sérstakri kærheimild.

## GLEÐI HJÁ FKL



Á dögunum hélt Félag kvenna í lögmenntu, FKL, gleðistund í miðbænum. Í FKL gefst konum í LMFÍ kostur á að auka tengslanet sitt en þess má geta að 32,3% félaga eru konur. Í stjórn eru nú lögmenntirnir Eva Dóra Kolbrúnardóttir, Krístrún Elsa Harðardóttir, Auður Jónsdóttir, Þuríður Sigurjónsdóttir og Þorbjörg Inga Jónsdóttir.



Sigurvegari í punktakeppni með forgjöf var krýndur meistari LMFÍ í golfi árið 2023 með viðhöfn en einnig voru veitt verðlaun í högggleik án forgjafar ásamt nándarverðlaunum á 2. og 17. holu. Frá vinstri: Inga Lilly Brynjólfssdóttir golfnefndarvaraformaður, Stefán Björn Stefánsson, Ólafur Evert Úlfsson sem varð meistari meistaranna, Gestur Gunnarsson sem vann högggleik án forgjafar, Þorbjörn Þórðarson sem var í 2. sæti, Unnur Lilja Hermannsdóttir tók við nándarverðlaunum f.h. Jóns Gunnars Ásbjörnssonar og Þyri Steingrimsdóttir golfnefndarformaður.

# MEISTARAMÓT LMFÍ Í GOLFI 2023 METFJÖLDI MEISTARA

Aldrei hafa fleiri golfarar tekið þátt í meistaramóti Lögmannafélags Íslands en í ár þegar 40 lögmenn mættu á Grafarholtsvöll um miðjan september síðastliðinn. Þrátt fyrir vetrarkvíða í sálum skipuleggjenda sem hefðu viljað hafa mótið mun fyrr, skein sól í heiði eins og um mitt sumar. Fuglar sungu hér og hvar.

Eftir erfitt vor og slaka sumarbyrjun vegna veðurs var ástand vallarins eins og best var á kosið, flatirnar nýslegnar og sléttar (eins og burstaklipptir drengjakollar að vori) og Grafarholtsvöllur skartaði sínu fegursta. Þvílíkur dagur!

Eins og gengur sveifluðust væntingar kylfinga upp og niður eins og vel æfð golfsveifla. Einhverjir lögðu áherslu á upphafshögginn og höggglengdina, aðrir vönduðu sig í stutta spílinu og púttunum. Að ná að lenda upphafshögginu inn á braut reyndist sumum víðsjárvert og allt landslag vallarins því nýtt til hins ítrasta, sem og glompurnar. Að lokum dugðu 36 punktar til sigurs svo enginn

lækkaði forgjöfina þann daginn. Keppnin sjálf fór einkar vel fram og ekki varð vart hinnar margumtöluðu biðar á sjöttu braut vallarins. Enginn fór holu í höggi, en varaformaður golfnefndar náði draumahöggi beint ofan í holu af braut á u.þ.b. 120 metra færi á fjórtándu braut. Geri aðrir betur!

Fjöldi þátttakenda sló öll fyrri met og ljóst að golfiðkun lögmanna færir í aukana með hverju árinu. Bæði aldursdreifing og kynjahlutfall var með besta móti þetta árið og hollin endurspegluðu vel félagatal LMFÍ. Yngri lögmenn slógust í för með sér eldri og reyndari og það var í nokkrum dýrðarljóma sem



Ólafur Evert Úlfsson tekur hér við bikar og rauðvíni úr hendi Þyríar Steingrimsdóttur golfnefndarformanns. Milli þeirra standa Viðar Lúðvíksson og Guðni S. Haraldsson.



Sól skein á lögmenn sem brostu allan golfhringinn. F.v. Sigurgeir Valsson, Jón Gunnar Ásbjörnsson, Tómas Sigurðsson og Eva Bryndís Helgadóttir.

rífjuð var upp golfiðkun fyrri tíma, m.a. minningarmót, golfmótaraðir og metnaðarfull stéttabaráttá við endurskoðendur og lækna svo dæmi séu tekin. Núverandi golfnefnd tók þeirri áskorun að lyfta enn frekar upp golfstarfi LMFÍ og mega kylfingar því eiga von á góðu lögmanna golfsumri á næsta ári.

Leikinn var 18 holu högguleikur án forgjafar en einnig punktkeppni með forgjöf en sigurvegari í punktkeppni var krýndur meistari LMFÍ í golfi. Þyrí Steingrimsdóttir lögmaður og formaður golfnefndar LMFÍ afhenti verðlaunin, hinn glæsilega farandbikar ásamt öðrum verðlaunagripum. Það sætti tíðindum að þetta árið voru jafnframt afhentar teiggjafir til kylfinga, þ.á.m. forlátt flatarmerki með merki félagsins.

Golfmeistari LMFÍ árið 2023 er Ólafur Evert Úlfsson sem vann punktkeppnina með 36 punkta og Þorbjörn Þórðarson var í öðru sæti. Gestur Gunnarsson vann högguleik án forgjafar á 81 höggi og Oddur Valsson var í öðru sæti með 84 högg.

Nándarverðlaun á 2. braut hlaut Jón Gunnar Ásbjörnsson og nándarverðlaun á 17. braut hlaut Stefán Björn Stefánsson.

BS



Fin golfsveifla hjá Hallmundi Albertssyni.



# LÖGLÆRÐUR TJÓNÞOLI

ANNA LINDA BJARNADÓTTIR LÖGMAÐUR



Það er ekkert eitt „kerfi“, sem grípur þolendur umferðarslysa. Ýmsar opinberar stofnanir, sjálfseignarstofnanir, embætti og fyrirtæki koma við sögu. Þolendur þurfa að bera sig eftir björginni og sjaldnast kemur eitthvað af sjálfu sér. Ærin fyrirhöfn fylgir því að takast á við afleiðingar alvarlegs umferðarslyss og því fékk ég heldur betur að kynna laugardagskvöldið 28.11.2020. Síðan þá hefur lífið einkenst af stanslausri baráttu við að ná bata og hreyfigetu, verkjastjórnun, finna orsakir einkenna, endurheimta hugrænt úthald, takast á við áfallastreituröskun og vanlíðan. Síðast en ekki síst; leita réttar míns, úrræða og þjónustu innan hins svokallaða „kerfis“. En hvað gerðist?

## Örlagaríkur ölvunarakstur

Þetta örlagaríka kvöld ók ég yfir gatnamót á Arnarnesbrú á grænu umferðarljósi. Skyndilega sá ég lítinn fólksbíl við hliðina á mér og augnabliki síðar kom höggið. Tjónvaldurinn hafði keyrt gegn rauðu ljósi á fullri ferð og höggið var svo þungt að þrátt fyrir að vera á þriggja tonna jeppa missti ég stjórn á honum. Hann kastaðist upp á umferðareyju og klessti tvennar öryggisstálgrindur áður en hann stöðvaðist. Þrátt fyrir að loftþúði hafi opnast þá fann ég alls staðar til. Ökumaður bifreiðar fyrir aftan, lögreglukona í umferðarlögreglunni á frívakt, hringdi strax í starfsfélaga sína sem komu nokkrum mínútum síðar. Tjónvaldurinn reyndist vera ölvuð kona sem var handtekin og flutt af vettvangi. Ég leitaði á bráðamóttöku seinna um kvöldið í miklu áfalli, vönkuð eftir höfuðhöggið og líkaminn lemstraður eins og ég hefði verið barin til óbóta. Aðeins einum og hálfum sólarhring eftir tjónsatburðinn var komin lögregluskýrsla til váttryggingafélaganna og fékk ég samdægurs viðurkenningu á bótaskyldu. Ég get ekki annað en hrósað skilvirkni kerfisins fyrstu 44 klst. eftir áreksturinn.

## Bataferlið og mótspyrna frá váttryggingafélagi tjónvaldsins

Næstu dagar og vikur einkenndust af miklum verkjum og höfuðkvölum vegna heilahristings. Til að líða aðeins betur byrjaði ég í heilsunuddi og fór í óhefðbundnar meðferðir til aðila sem hafði lært kínverska læknisfræði. Mér leið mjög illa og byrjaði í áfallameðferð hjá sálfræðingi eftir 6 vikna bið. Ég fór í MRI myndgreiningu og það kom mér á óvart að geta fengið ítarlega skýrslu um niðurstöður ásamt viðtali við röntgenlækninn án aðkomu heilsugæslu.

Váttryggingafélagið svaraði erindum seint og ég upplifði að það væri vísvitandi verið að takmarka aðgengi að félaginu. Ég leitaði því til lögmannsstofu sem hefur auglýst þjónustu vegna slysa. Eftir fimm vikur hafði ekkert gerst í málinu, enginn útlagður kostnaður innheimtur og aldrei haft samband við mig að fyrra bragði. Ég kvartaði yfir þessum vinnubrögðum við framkvæmdastjóra stofunnar sem svaraði mér stutt og laggott að „ef fólk væri eitthvað óánægt gæti það fellt niður málin sín hjá þeim“. Í rauninni var mér vísað frá. Daginn eftir sótti ég gögnin mín og ákvað að reka málið sjálf í bili. Váttryggingafélagið endurgreiddi allan lækniskostnað en hafnaði reikningum fyrir heilsunuddi, nálastungum, cupping, gua sha og moxa. Ég ákvað því að byrja í sjúkrahjálfun tvisvar í viku, sem skilaði litlu samanborið við óhefðbundnu meðferðirnar. Hugræn orka var takmörkuð og hugurinn þoldi ekki meiri vinnu við lögfræðistörf en 2-3 klst á dag. Ég varð því að setta mig við á hverjum degi að liggja svo klukkustundum skípti og hvíla mig. Smátt og smátt versnuðu verkir í mjólbaki og vinstri mjöðm. U.þ.b. hálfu ári eftir áreksturinn var ég farin að eiga erfitt með gang og komst jafnvel ekki út úr húsi vegna mjólbaksverkja. Í leit minni að bata hafði ég lesið um ýmsar meðferðir og skoðað myndbönd



frá fyrirtækinu „Spinal care” um árangur af meðferðum hjá kírópraktor. Ég ákvað að prófa þessa þjónustu og kírópraktorinn fann orsök fyrir sérhverjum verk í baki, vinstri mjöðm og hálsi. Í ljós kom að ég hafði öll skekkst og hvorki meðferðaraðilar né lækna höfðu áttað sig á því, ekki einu sinni röntgenlæknirinn. Ég leitaði til annars röntgenlæknis, sem las yfir MRI myndirnar og staðfesti við mig margt af því sem kírópraktor hafði séð. Það tók kírópraktor 43 skipti að hnykkja líkamann til. Miðað við hversu dýrar MRI rannsóknir eru tel ég ólíðandi að viðskiptavinir myndgreiningafyrirtækja þurfi að fá yfirllestur á myndum annars staðar frá. Eftir að niðurstaða annars röntgenlæknis lá fyrir bauð fyrirtækið mér í stafræna myndatöku á baki þannig að ég fór sátt frá þeim að lokum. Í febrúar 2022 byrjaði ég í sjúkrahjálfun hjá frábærum sjúkrahjálfara, sem sinnir mjúkvefja- og bandvefslösum. Sennilega mun ég alltaf þurfa á slíkri þjónustu að halda.

Haustið 2022 gerði ég þjónustusamning um endurhæfingu þar sem ég sótti ýmis námskeið og einstaklingsmiðaða þjónustu hjá taugasálfræðingum vegna afleiðinga höfuðhöggsins og skertu hugrænu úthaldi. Jafnframt sótti ég „acceptance therapy” hjá sálfræðingi til að læra hugsanastjórnun og ákveðna hugsanatekni til að nýta við verkjastjórnun og auka lífsgæði á ný þrátt fyrir króníska verki. Ennfremur sótti ég EMDR meðferð hjá Kvíðameðferðarstöðinni til að komast betur yfir þetta áfall og þora að keyra á ný. Allt voru þetta úrræði sem ég hafði ekki getað nýtt mér vegna þess að ég ýmist vissi ekki af þeim eða þá að þau voru ekki aðgengileg án þjónustusamnings. Í janúar 2023 fór ég í eina viku á Reykjalund þar sem ég fékk gagnlegar ábendingar. Dagleg hreyfing er nauðsynleg til að auka blóðflæðið, sem aftur er stór þáttur í allri verkjastjórnun.

Við Þórunn Óskarsdóttir, hugbúnaðarverkfræðingur, stofnuðum jafningjahópin „Á batavegi” yfir þolendur umferðarslysa, sem glíma við langvarandi afleiðingar. Í hópnun eru 99 meðlimir og er hópurinn aðgengilegur á Facebook. Það hefur verið ómetanlegt að hitta fólk í svipuðum aðstæðum.

### Bati spyr að efnahag

Sjúkratryggingar Íslands greiða að stærstum hluta þjónustu lækna og sjúkrahjálfara. Það var mín reynsla að engan veginn var nóg að sækja þjónustu til þeirra og ég var heppin að geta keypt bókstaflega alla þá þjónustu sem færði mig nær bata. Almenn

greiðir váttryggingafélag tjónvalds allan læknis- og lyfjakostnað auk sjúkrahjálfunar fram að matsfundi. Mjög erfitt er að fá greiðsluþátttöku í óhefðbundnum meðferðum og til dæmis tók það mig tvö ár að fá kostnað vegna heilsunudds samþykktan, eftir að ég fann dóm Landsréttar um sama efni. HAM meðferðin hjá sálfræðingnum tók 13 skipti. Váttryggingafélagið tók ekki afstöðu til kostnaðarins áður en meðferð hófst, en samþykkti að lokum alla meðferðina. Þá voru samþykkt 15 skipti hjá kírópraktor en við uppgjör málsins voru 28 viðbótarskipti greidd með hliðsjón af vottorði frá honum. Allt voru þetta nauðsynlegar en dýrar meðferðir, sem hjálpuðu mér á bataveginum.

### Að lokum

Yfir heildina litíð var ég ánægð með kerfið og það kom mér á óvart hversu skilvirkt það er að mestu leyti. Biðlistar mættu þó vera styttri. Mest kom á óvart harkan hjá váttryggingafélagi tjónvaldsins en ég vil taka það fram að þjónustuver sama félags veitti frábæra þjónustu. Það var líka nokkuð óvænt að vera vísað úr viðskiptum á lögmannsstofunni.

Það er umhugsunarvert að lögmennt eru eina starfsstéttin í bataferlinu sem fer ekki fram á staðgreiðslu fyrir veitta þjónustu, heldur bíður þar til uppgjör á skaðabótum hefur farið fram. Flestir lögmennt bjóða upp á hagsmunatengda þóknun þannig að þeir eru jafnframt eina starfsstéttin í þessu ferli með óvissar tekjur.

Eftir tæp þrjú ár frá tjónsatburði hefur mér farið mikið fram með allri þeirri fyrirhöfn og kostnaði, sem áður er rakið. Erfiðast er að ná til baka hugrænu úthaldi. Ég hef rekið eigin lögmannsstofu í 22 ár og tíminn leiðir í ljós hvort og þá hversu lengi ég get haldið því áfram. Framundan er dómsmál gagnvart váttryggingafélagi tjónvaldsins til að fá ásættanlegar skaðabætur en þegar málaferlunum lýkur verða vonandi hjartari tímar framundan.

Ég ætla að halda áfram að leggja mitt á vogarskálarnar til að auka þjóðfélagsumræðu um bætt umferðaröryggi og fækkun árekstra, sérstaklega af stórfelldu gáleysi. Einn liður í því er að standa fyrir viðburði 28.11 á hverju ári og halda þar framsögu um eigin reynslu ásamt því að bjóða handhafa opinbers valds að halda erindi. Í fyrra hélt bæjarstjóri Garðabæjar erindi og í ár verður það forstjóri Vegagerðarinnar. Farið varlega í umferðinni, við vitum aldrei hver er næstur.





OTHAR ÖRN PETERSEN ER FÆDDUR 8. JANÚAR 1944. HANN LAUK EMBÆTTISPRÓFI Í LÖGFRÆÐI FRÁ HÁSKÓLA ÍSLANDS ÁRIÐ 1972, VARÐ HÉRAÐSDÓMSLÖGMAÐUR ÁRIÐ 1973 OG HÆSTA-RÉTTARLÖGMAÐUR ÁRIÐ 1981. HANN LAUK MA GRÁÐU Í AMERICAN LEGAL INSTITUTIONS MEÐ ÁHERSLU Á SKAÐABÓTA- OG STJÓRNSKIPUNARRÉTT FRÁ UNIVERSITY OF MINNESOTA ÁRIÐ 1976.

OTHAR VAR FULLTRÚI HJÁ LÖGMÖNNUM VESTURGÖTU 17 FRÁ 1972 TIL 1974 EN RAK FRÁ 1976 EIGIN LÖGMANNSSTOFU. HANN GEKK TIL LIÐS VIÐ A&P LÖGMENN ÁRIÐ 1990 SEM SÍÐAR VARÐ LOGOS ÁRIÐ 2000. ÞÁ VAR OTHAR FRAMKVÆMDASTJÓRI VERKTAKASAMBANDS ÍSLANDS 1976-1985 OG STUNDAKENNARI VIÐ LAGAEILD OG VERKFRÆÐIDEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS OG LAGAEILD HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK. OTHAR ÖRN VAR FORMAÐUR LAGANEFNDAR LMFÍ 1990 TIL 1992 OG ENDURSKOÐANDI FÉLAGSINS UM LANGT ÁRABIL. FYRIR ÞAU STÖRF HLAUT HANN GULLMERKI FÉLAGSINS ÁRIÐ 2016.

OTHAR KVÆNTIST HELGU ARNARDÓTTUR PETERSEN, FYRRVERANDI SKRIFSTOFUSTJÓRA HJÁ HÁSKÓLA ÍSLANDS, ÁRIÐ 1965 OG EIGA ÞAU ÞRjú UPPKOMIN BÖRN, ÁSTHILDI MARGRÉTI, ERNU OG GUNNAR ÖRN OG SJÖ BARNABÖRN.

# MAÐUR VINNUR BARA FYRIR VIÐSKIPTA- VININA

Othar Örn Petersen er hættur störfum en samt eiginlega ekki. Hann er ennþá ráðgjafi hjá LOGOS, með vinnuaðstöðu í Efstaleiti, og þar tók hann á móti blaðamönnum Lögmannablaðsins sem vildu fyrst fá að vita frá upphafinu.

Ég er fæddur í húsinu Skála við Kaplaskjólsvæg, fjórði í röð fimm systkina, og var næstum því dauður á fyrsta sólarhring þar sem það fór að blæða með naflastrengnum.

Móðir mín hét Anna Magnúsdóttir Petersen, fædd árið 1914 á Kaldrananesi á Ströndum, og var næstýngst ellefu systkina. Þegar hún var þriggja ára drukknaði pabbi hennar og heimilið flosnaði upp. Hún fékk þó að fylgja móður sinni sem var m.a. vinnukona í Húnavatnssýslu. Hún fór ung að vinna fyrir sér og hafði engin tók á því að mennta sig eins og hugur hennar stóð til. Þegar hún var rúmlega tvítug bauðst henni að fara til Reykjavíkur til að aðstoða á heimili þar sem konan var nýlega látin. Hún fór fótgangandi til Blönduóss, tók rútu til Reykjavíkur og varð ráðskona hjá pabba.

Faðir minn Bernhard Petersen var 19. aldar maður, fæddur árið 1886 í Lanes í Norður-Noregi. Hann kom til Íslands árið 1905 með báðar hendur tómar til að freista gæfunnar og endaði sem stórkaupmaður og útflytjandi sjávarafurða. Pabbi kvæntist Elínu Friðriksdóttur Theodórs árið 1932 en hún var ekkja með fimm börn. Þau eignuðust son sem féll úr bíl aðeins þriggja ára gamall og lést en Elín náði sér ekki eftir þetta áfall og dó skömmu síðar, haustið 1935. Inn á þetta heimili kom mamma og þau giftust árið 1938. Það munaði 28 árum á foreldrum mínum en ég minnst þess ekki að aldursmunurinn hafi skipt mig máli.

*Þú ert sem sagt Vesturbæingur?*

Já, fyrstu árin bjuggum við á Kaplaskjólsveginum en þá voru einungis nokkur hús í nágrenninu og menn voru með hænur og smábúskap. Við bjuggum alveg við Kamp Knox en þegar ég var 11 ára fluttum við á Flókagötu 25. Ég var í Melaskóla í eitt ár en mömmu fannst ég ekki læra nógu mikið þar og sendi mig í Landakotsskóla sem var þá kaþólskur. Þar kenndu mér m.a. systir Klemensía, sem var íslensk nunna og keyrði bíl, og systir Henrietta. Svo kenndi fröken Guðrún mér íslensku en

hún sagði okkur nemendum Njálssögu og Grettissögu eins og spennusögur.

## Úr grúti í Heklu

*Byrjaðir þú snemma að vinna?*

Ég var ekki hár í loftinu þegar ég var sendur til móðursystur minnar að Keldudal í Hegranesi í Skagafirði en þar var bróðir minn á þeim tíma. Síðan fór ég að vinna á sumrin í grútnum en pabbi var með lýsisstöð. Það var rosaleg lykt af manni og þótt ég færi úr gallanum áður en ég hélt af stað heim með snarfullum strætó þá angaði ég engu að síður af grúti.

Ég sótti um vinnu með skóla hjá Heklu þegar ég var 18 ára. Í starfsviðtalinu hjá Sigfúsi Bjarnasyni lét hann mig telja frá einum og upp í níu og skrifa á blað „Heildverslunin Hekla“. Svo var ég ráðinn! Þar vann ég svo í öllum fríum og með skóla. Sigfús var einstakur maður og nýttinn. Einu sinni komust peningarnir ekki fyrir í töskunni sem ég var með og ég tók nýtt, stórt umslag fyrir restina. Sigfús horfði á mig undrandi og spurði: „Othar, hvað ertu að gera?“ Þá vildi hann að ég endurnýtti gömul umslög og væri ekki að sóa nýjum! Ég gekk í öll störf hjá Heklu, var í raftækjabúðinni jafnt sem bíladeildinni, en var þó mest að aðstoða gjaldkerann og leysa hana af þegar hún fór í frí. Það er skritið að hugsa til baka, að 18 - 19 ára strákur væri með ávísanahefti fyrirtækis og fulla tösku af peningaseðlum! Þegar búið var að afgreiða fjölda bíla, um klukkan átta á föstudagskvöldum, þá fór ég nefnilega með töskuna í Austurbæjarútibú og setti í næturhólfid. Ég vann þar til ársins 1971 en útskrifaðist úr lögfræðinni ári síðar.

## „Þetta er einmitt Hæstaréttardómur frá 1951!“

*Af hverju lærðir þú lögfræði?*

Helga, kona mín, segir að ég hafi verið óákveðinn fram á síðustu stundu hvað ég ætlaði að læra en mamma sagði alltaf að ég hefði átt að verða læknir því ég væri svo góður við fólk! Kannski hafði það áhrif á valið að mágur minn, Bogi Ísak Nilsson, var í lögfræði og um mitt sumar, áður en ég hóf nám, lánaði Örn, bróðir Helgu, mér dómasafn Hæstaréttar árið 1951 sem ég gleypiti í mig. Ég hef getað slegið mér upp á þessu síðan og sagt þegar verið er að ræða um einstaka dóma; „Já, þetta er einmitt dómur frá árinu 1951!“

*Hvernig líkaði þér laganámið?*

Ég bara fann mig strax í lögfræðinni enda nær hún yfir öll svið þjóðlífsins. Ég var skussi í menntaskóla, eins og svo margir góðir menn, en gifti mig strax eftir stúdentspróf. Sennilega hefur komið einhver ró yfir mig við að fara búa með Helgu en fyrsta veturinn í lögfræðinni var ég iðinn við lærdóminn og um vorið tók ég munnlegt próf í almennri lögfræði og fékk ágætiseinkunn. Þótt

árangurinn væri ekki svona góður í framhaldinu næstu árin þá útskrifaðist ég með fyrstu einkunn eftir sjö ára nám í stað sex. Ég sinnti nefnilega ýmsum störfum og félagsstörfum með námi. Ég var til dæmis kosinn í stjórn Orators og vann m.a. við að safna auglýsingum í Úlfjót.

## Vélritað með kalkipappír

*Hvar hófst svo starfsævi lögmannsins Othars Arnar?*

Ég byrjaði á kúrsus hjá Lögmönnum Vesturgötu, hjá þeim Jóni Magnússyni, Hirti Torfasyni, Sigurði Sigurðssyni, Sigurði Hafstein og fleirum og varð síðan fulltrúi hjá þeim í tvö ár. Ég var mikið í innheimtum en þeir skiptu sér lítið af mér og ég hafði mikið sjálfstæði. Þá var nú vélritað með kalkipappír!

Við ákváðum síðan fjölskyldan að fara til Ameríku í framhaldsnám en ég sendi umsóknir allt of seint til að komast haustið eftir í þá skóla sem voru fyrsta val. Vinur minn hafði verið í Minnesota og sagði þar gott að vera svo ég sótti um þar. Haustið 1974 fórum við svo út og það er eitt það besta sem ég hef gert á ævinni. Þar vorum við í rúmt ár og Ásthildur, okkar elsta barn, fór í góðan skóla. Þarna var dálítill Íslendinganýlenda í framhaldsnámi og við héldum þorrablot og vorum í talsverðum samskiptum.

## Samlagningarvél í happdrættisvinning

*Tók svo lögmennskan við þegar þú komst aftur heim?*

Já, eftir að ég kom heim þá langaði mig að stofna lögmennsstofu og fékk inni hjá Gylfa Thorlacius í Borgartúni sem var mín gæfa því Gylfi var engum líkur. Ég var skítblankur en átti miða í happdrætti Háskóla Íslands og var svo heppinn að vinna um þetta leyti 50 þúsund krónur sem ég notaði til að kaupa mér sómasamleg föt, skrifstofuhúsgögn og samlagningarvél.

Fljótlega upp úr þessu höfðu forkólfar Verktakasambandsins, sem voru hagsmunasamtök verktaka, samband við mig og báðu mig um að verða framkvæmdastjóri sambandsins með öðrum störfum. Lítið var á þetta sem þriðjungsstarf og ég sinnti þessu frá 1976 til 1984. Á þessum tíma voru miklar sviptingar í verktakabransanum og ég kynntist mörgum, bæði mönnum og málefnum. Ríkið framkvæmdi mikið sjálft en við héldum því fram að það væri mun hagstæðara að fara í útboð. Svo var pólitíkin líka í þessu og hagsmunaaðilar; til dæmis fengu ÍAV og Sameinaðir verktakar einir verkefni á Keflavíkurflugvelli en þessi fyrirtæki tengdust pólitíkinni. Bandaríkjamenn þurftu að borga margfalt herra verð vegna þessa og fulltrúi í sendiráði Bandaríkjanna hér sagði bara hreint út við mig að þeir vildu ekki æsa menn upp með því að opna fyrir útboð því landið væri lítið og fámenn. Þetta breyttist síðan og ég held að stjórnmalámennt hafi gert sér grein fyrir því að það yrði að gerast. En það tók langan tíma.



Othar Örn Petersen

### **Prófarkalestrarferðin**

*Þú varst síðan mikið í flugmálum, ekki rétt?*

Jú og það byrjaði eiginlega fyrir tilviljun rétt fyrir verslunarmannahelgi árið 1990. Þá var von á mönnum að utan á mánudeginum sem ætluðu að kaupa DC 8 flugvélar og lögmaðurinn, sem sinnti venjulega þessum málum fyrir Flugleiðir, var ekki viðlátinn. Ég tók með mér doðrant til að lesa í sumarbústað LMFÍ sem ég hafði leigt og á mánudeginum fór ég í bæinn og hittí útlendingana. Við Halldór Vilhjálmsson kláruðum samningana og upp frá þessu sinnti ég samningum um flugvélar Flugleiða einkum leigusamninga sem og að sinna ýmsum öðrum lögfræðistörfum fyrir fyrirtækið.

Ýmislegt gerðist á þessum árum. Einu sinni fórum við til Kuala Lumpur til að leigja Fokker vél. Við fórum héðan fjórir með tæknimannen ég hafði gert drög að samningi. Þegar við vorum búnir að ræða við kaupendur dagpart komu þeir og sögðu að stjórn félagsins væri hætt við kaupin. Það var okkar skoðun að þeir hafi viljað fá persónulega greiðslu og ekkert varð af viðskiptunum.

Þessi ferð var alltaf síðan kölluð „Prófarkalestrarferðin“.

Flugmálin voru skemmtileg og ég fór oft erlendis til að sinna þeim. Vegna þessara samninga fórum við víða og má nefna London, New York, Los Angeles, San Antonio, Kuala Lumpur og fleiri staði. Á þessum tíma vorum við e.t.v. í nokkra daga að ljúka samningum. Það var líka áhugavert að kynnst því hvernig menn voru að semja í öðrum löndum. Þar var til dæmis enginn feluleikur sem ég hafði kynnst hér. Mér fannst menn koma hreint fram og sögðu beint út skoðun sína og ætlun. Ég sinnti líka ýmsum öðrum krefjandi störfum svo sem samningum um Hvalfjarðargöngin, flugstöðina og álver.

*Þú varst svo lögmaður Irving féðganna sem hugðust opna hér bensínstöðvar á 9. áratugnum?*

Jú, það var mjög skemmtilegt en ég kom að því í gegnum tengslanetið sem ég hafði í gegnum flugmálin. Þeir könnuðu þetta í talsvert langan tíma og fengu vilyrði fyrir bensínstöðvum. Þeir réðu líka arkitekta og verkfræðinga til starfa. Svo eftir eitt



**Undirritun samninga í Los Angeles árið 1995. M.a. má sjá sitjandi vinstra megin Halldór Vilhjálmsson frkvstj. Flugleiða hf. Othar er standandi þriðji frá hægrei.**

til tvö ár þá tóku þeir endanlega ákvörðun um að koma ekki og ástæðan var að þetta viðskiptaumhverfi væri of lokað og pólitískt.

*Getur þú nefnt fleira áhugavert úr lögmennskunni?*

Gott dæmi um hvernig lögmennsstörfín eru má nefna að ég var að vinna fyrir mann sem var að byggja bátaskýli við sumarbústað á Suðurlandi. Ég skrifaði fyrir hann bréf til byggingafulltrúa í sveitarfélaginu og rökstuddi af hverju þeir ættu að leyfa þessa byggingu. Svo leið hálf ár og þá kom til mín annar maður sem fékk mig til að skrifa bréf til sama embættis þar sem hann mótmælti áformum um byggingu bátaskýlis við annað sumarhús á sama svæði. Ég gerði það og byggingarfulltrúinn gerði athugasemd við að ég væri í andstöðu við fyrra bréf sem ég hafði sent vegna hins umbjóðandans. En svona er lögmennskan. Maður vinnur bara fyrir viðskiptavinina!

*Þú varst síðan einn af forkólfum lögmennsstofunnar LOGOS?*

Jú, ég var í samrekstri með A&P lögmönnum sem var mikil gæfa en ég vildi alltaf reka lögmennsstofu í félagi í staðinn fyrir að vera einyrki. Árið 1999 fór ég til Kaupmannahafnar og var að stúdera flugmálin og skrifa erindi sem ég flutti síðan á norrænni ráðstefnu. Ég heimsótti þá lögmennsstofu sem við vorum í samstarfi við í gegnum Lex Mundi og fékk þar góða innsýn inn í rekstur stórra stofa. Þegar ég kom heim ræddum við Gunnar Sturluson saman sem þá var eigandi á Málflutningskrifstofunni um möguleika á samstarfi. Viðræður hófust um sameiningu

og það varð úr að A&P lögmenn og Málflutningskrifstofan sameinuðust í LOGOS sem var stofnuð 31. janúar 2000. Síðan þá hef ég verið hérna en gekk þó úr eigendahópnum nálægt sjötugu. Ég er búinn að vera ráðgjafi hérna síðan þá, í tíu ár.

### **Tímafrek brennivínsmál**

*Svona í lokin, hvað með áhugamál utan lögmennskunnar?*

Ég fór í stutta meðferð á Silungapólli árið 1979 og var svo tengdur SÁÁ í mörg ár, var í stjórn og varaformaður um tíma en síðan var ég formaður bygginganefndar Vogs. Ég eyddi miklum tíma í þessi brennivínsmál

Ég hef síðan áhuga á öllum íþróttum, stundaði fótbolta sem ungur maður en þegar ég varð sextugur þá byrjaði ég í golfi. Árni Vilhjálmsson, kollegi minn, stóð fyrir því að stofan gaf mér golfsett í afmælisgjöf og hann segir það sín mestu mistök því ég talaði ekki um annað en golf eftir það! Svo taka afabörninn tíma en ég á sjö barnabörn og tvö bónusbarnabörn. Þá er ég í reddingum, að passa, skutla og sækja ásamt konu minni en þau eru nokkur svo ung enþá. Það er bæði gott og gaman að geta verið til staðar fyrir börnin og barnabörninn.

**AK og EI**

## NÝ RÉTTINDI FYRIR LANDSRÉTTI

### Jónas Örn Jónasson

Reykvískir lögmennt, Pósthússtræti 3, 101 Reykjavík

## NÝ RÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMSTÓLUM

### Hildur Sveinsdóttir

LEX lögmannsstofa, Borgartúni 26, 105 Reykjavík

### Jóna Vestfjörð Hannesdóttir

LOGOS lögmannsþjónusta, Efstaleiti 5, 105 Reykjavík

## ENDURÚTGEFIN RÉTTINDI

### Elisabet Pétursdóttir

Lögfræðiþjónusta Hafnarfjarðar, Dalshrauni 5, 220 Hafnarfirði

### Ingvar Smári Birgisson

Íslenska lögfræðistofan, Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík

### Helga Vala Helgadóttir Bachmann

Valva lögmennt, Vesturvallagötu 3, 101 Reykjavík

### Anna Kristín Guðmundsdóttir

Kópavogsbær, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi

## BREYTING Á VINNUSTAÐ

### Sunna Lind Höskuldsdóttir

Lind lögmennt, Lágmúla 7, 108 Reykjavík

### Ari Edwald

Nordik lögfræðiþjónusta, Skólavörðustíg 24, 101 Reykjavík

### Andri Freyr Stefánsson

Isavia ehf., Flugstöð Leifs Eiríkssonar, 235 Keflavíkurflugvöllur

### Brynja Kristín Magnúsdóttir

LEX lögmannsstofa, Borgartúni 26, 105 Reykjavík

### Erna Hjaltsted

Isavia ehf., Keflavíkurflugvelli, 235 Keflavíkurflugvelli.

### Hafdís Perla Hafsteinsdóttir

Contracta ehf., Haukanesi 23, 210 Garðabæ.

### Andrea Guðmundsdóttir

Skatturinn, Katrínartúni 4, 105 Reykjavík.

### Heiða Björg Pálmadóttir

Consultus lögfræðiþjónusta og ráðgjöf, Hafnarhvoli - Tryggvagötu 11, 101 Reykjavík.

### Sigurður Snædal Júlíusson

Orkuveita Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík.

### Haukur Örn Birgisson

### Ingvar Smári Birgisson

FIRMA lögmennt, Háaleitisbraut 1, 105 Reykjavík

### Hlynur Ólafsson

KERECIS hf., Sundstræti 38, 400 Ísafirði

### Oddur Valsson

Cicero lögmannsstofa, Síðumúla 13, 108 Reykjavík

### Páll Rúnar M. Kristjánsson

Advisor ehf., Skeifunni 11, 108 Reykjavík

## NÝTT HEIMILISFANG

### Ágúst Ólafsson

Bergþóra Heiða Guðmundsdóttir

Tryggvi Agnarsson

Valdemar Johnsen

Lagarök lögmannsstofa, Síðumúla 34, 108 Reykjavík

### Jón Fannar Ólafsson

Kristrún Elsa Harðardóttir

Lögfræðistofa Selfoss, Brúarstræti 2, 800 Selfossi

### Björn Þorri Viktorsson

Elfar Elí Schweitz Jakobsson

Þórir Helgi Sigvaldason

Lögmennt Laugardal, Skipholt 50b, 105 Reykjavík

### Lárus Sigurður Lárusson

Sævar Þór Jónsson

Lögmannsstofan Sævar Þór & Partners, Skipholt 50C, 105 Reykjavík

### Sigurður Ingi Halldórsson

Lögmannstofa Sigurðar I. Halldórssonar, Suðurlandsbraut 6, 2. hæð, 108 Reykjavík

### Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir

Lagastoð lögfræðiþjónusta ehf., Hafnarstræti, 400 Ísafirði

### Birgir G. Magnússon

Lögmennt Kópavogi, Lágmúla 7, 108 Reykjavík.

### Jóhanna Sigurjónsdóttir

Lögmannsstofa Jóhannu Sigurjónsdóttur, Leirutanga 27, 270 Mosfellsbæ

### Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir

Inceptum ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík

**FORTIS**  
Lögmannsstofa

Lögmannablaðið

PORSCHE

# Porsche Taycan – 100% rafmagn.

Eigum bíla til afhendingar fyrir áramót.

Verð frá 11.990.000 kr.



Bítr með fyrirvara um mynd- og textabreytingu. Bíll á mynd er Taycan GT5.

Bílaúð  
**Benna**